

er þú hefir sent frá nokkrum borgurum og embættismönnum í Reykjavík útaf konungaskiptunum.

1864.

8. júlí.

Hollusta sú og traust, sem er yfir lýst í ávarpi þessu, hefir verið oss kær vottur þess, að enn helzt ást sú og hollusta við konungsættina, sem ávallt hefir að erfðum gengið á Íslandi, og með gleði höfum Vær sæð yfirlýsing þeirra tilfinninga, sem hin þungu forlög, er föðurlandið á við að búa, hafa vakið hjá mönnum.

Vær bjóðum þér því að flytja þeim mönnum þakkir Vorar, er hafa til Vor talað í ávarpi þessu, og seg þeim enn framar þau orð Vor, að heill Íslands liggi Oss ríkt á hjarta, og að Vær skulum leitast við að sjá og framfylgja hag landsins, einkum með því: svo fljótt, sem auðið er, að koma því skipulagi á stjórnarmálefni Íslands, sem hinn há sæli fyrirrennari Vor í konungstigninni hafði haft þann undirbúning að, sem um er rætt í allrahæstri auglýsing til alþingis 8. dag júním. f. á. Þannig framkvæmist Vor vilji. Felandi þig guði!

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 8. dag júlímán. 1864.

Christian R.

Casse.

## 60. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

9. júlí.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er stjórnarráðinu bærust með bréfi yðar 8. f. m., um það, hvernig úthluta skyldi þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekku sérilagi:

|          |                                                       |         |
|----------|-------------------------------------------------------|---------|
| 1864.    | Uppgjafapresti Pètri Jónssyni á Kálfatjörn . . . .    | 10 rd.  |
| 9. júlí. | — Sveinbirni Sveinbjarnarsyni á Staðarhrauni . . .    | 60 —    |
|          | — Guðlaugi Sveinbjarnarsyni í Hvammi . . . .          | 15 —    |
|          | — Jóni Sigurðssyni á Söndum . . . .                   | 60 —    |
|          | — Jóni Guðmundssyni á Hjaltastöðum . . . .            | 35 —    |
|          | — Stefáni Hanssyni í Fljótshlíðarþingum . . . .       | 20 —    |
|          | Prestsekkju Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum . . . .   | 35 —    |
|          | — Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti . . . .        | 20 —    |
|          | — Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal á Hörðubóli . . . .    | 15 —    |
|          | — Elínu Einarsdóttur á Hofi . . . .                   | 35 —    |
|          | — Steinunni Ólafsdóttur á Auðkúlu . . . .             | 25 —    |
|          | — Þóru Auðunardóttur á Auðkúlu . . . .                | 20 —    |
|          | — Margrétu Narfadóttur á Glæsibæ . . . .              | 40 —    |
|          | — Guðrúnu Þorvaldsdóttur Stephensen á Glæsibæ . . . . | 15 —    |
|          | — Þorbjörgu Jónsdóttur á Kirkjubóli . . . .           | 35 —    |
|          | — Kristínu Eiríksdóttur á Krossi . . . .              | 20 —    |
|          | — Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási . . . .            | 20 —    |
|          | — Oddnýju Ingvarsdóttur í Laugardalshólum . . . .     | 20 —    |
|          | alls . . . .                                          | 500 rd. |

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Um leið skal þess getið, að þó réttast hafi þótt, eptir því sem ástatt er, að fara eptir uppástungum yðar um úthlutun styrktarfjár þessa, án þess að breyta frá þeim í nokkru, þá hefir það eigi getað dulizt fyrir stjórnarráðinu, þegar þessar uppástungur hafa verið bornar saman við skýrslu yðar um uppgjafapresta og prestsekkjur á Íslandi, dagsetta 24. d. ágúst. m. á., að með þeirri aðferð, sem nú hefir verið við höfð, verður ekki tekið svo sem vera ætti tillit til þess, hversu þurfandi hlutaðeigendur eru; því ekki sèst, að nein auglýsing um veiting fjár þessa hafi verið kunngjörð mönnum á Íslandi, og þaraf verður skiljanlegt, að ekki hefir komið nein bænarskrá um styrk frá ýmsum fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum.

1864.

9. júlí.

Með því nú stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnumikið fè í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal hérmeð skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt á Íslandi í tækan tíma, og hvetja hlutaðeigendur, er óska, að tekið verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfè þessu, ef það fæst, til að senda bænarskrár um það, með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og eruð þér jafnframt beðnir að bæta við skýrslu yðar um uppgjafapresta og prestsekkjur á Íslandi, dags. 24. dag ágúst m. f. á., ýtarlegri embættisskýrslum um upphæð á tekjum þeim, er hlutaðeigendur hafa af brauðunum, og senda stjórnarráðinu skýrslur þessar um leið og þér sendið bænarskrár þær, sem hér er um rætt, og uppástungur yðar um úthlutun styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár.

**61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um nýja póstferð millum Eskifjarðar og Akureyrar.**

14. júlí.

Í bréfi 4. d. nóvember m. f. á. hafið þér, herra amtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar uppá það, að þér hafið skipað nýja póstferð frá Eskifirði til Akureyrar 15. dag maí-mánaðar, er komist í samband við póstferðina frá Akureyri til Reykjavíkur 6. dag júní m. og þriðju póstskipsferðina frá Reykjavík til Kaupmannahafnar; hafið þér tekið fram, að þér hafið gjört þetta af því, hve áriðandi slík ráðstöfun sè fyrir embættisstjórna yfirhöfuð, og til þess, að ársreikningarnir frá sýslumönnum og umboðsmönnum í amti því, sem þér eruð yfir skipaðir, geti komizt með þeirri ferð póstskipsins, sem nú var nefnd. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hérmeð leggur samþykki sitt á þessa ráðstöfun yðar, sem eptir því, er þér skýrið frá, mun hafa í för með sèr hërumbil 26 rd. kostnað.